



Lúxemborg, 19. desember 2008

## FRÉTTATILKYNNING 07/2008

### Dómur í sameinuðum málum E-11/07 og E-1/08

#### *Olga Rindal og Therese Slinning gegn norska ríkinu*

### HEIMILT AÐ TAKMARKA RÉTT TIL ENDURGREIÐSLU VEGNA LÆKNISMEÐFERÐA ERLENDIS

Með dómi sem kveðinn var upp í dag gaf EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit varðandi spurningar sem honum bárust frá Borgarting lagmannsrett og Oslo tingrett í Noregi varðandi túlkun á reglum um frjálsa þjónustustarfsemi. Í dóminum kemur fram að við sérstakar aðstæður sé EES-ríkjum heimilt að takmarka rétt sjúklinga til endurgreiðslu á kostnaði vegna læknismeðferðar erlendis.

Sóknaraðilar, Olga Rindal og Therese Slinning, sem báðar eru búsettar í Noregi, sóttu læknismeðferð til annarra EES-ríkja. Olga Rindal þjáist af langvinnum háls- og bakverkjum í kjölfar bílslyss. Therese Slinning lenti einnig í bílslysi og hlaut af því alvarlegan heilaskaða sem gerði það að verkum að hún þurfti á sérhæfðri endurhæfingu að halda. Málshöfðun þeirra er til komin vegna synjunar norska ríkisins á endurgreiðslu fyrir meðferð erlendis.

Norska ríkið heldur því fram í báðum málunum að meðferðin sem sótt var til annars lands hafi ekki verið læknisfræðilega viðurkennd og teldist því hafa verið tilraunameðferð. Norsku dómstólarnir leituðu álits EFTA-dómstólsins á því hvort það samræmdist EES-rétti að synja endurgreiðslu á kostnaði vegna meðferðar erlendis, sem ekki er viðurkennd, í þeim tilvikum þar sem sjúklingur á ekki rétt á slíkri meðferð heima fyrir.

EFTA-dómstóllinn svaraði þessari spurningu játandi. Það á við þegar heimaríkið býður ekki upp á umrædda meðferð, eða gerir það einungis í formi tilraunameðferðar eða í undantekningartilvikum þar sem lagt er mat á hvert mál fyrir sig. Mat á því hvort meðferð er viðurkennd skal byggt á viðmiðum alþjóðlegra læknávísinda.

Endurgreiðslu í Noregi var einnig synjað á þeim grundvelli að boðið væri upp á fullnægjandi meðferð í Noregi. Í því sambandi taldi dómstóllinn að ætti sjúklingur á annað borð rétt á meðferð, fæli það í sér takmörkun á frjálsri þjónustustarfsemi að gera honum skylt að taka meðferð sem innlend heilbrigðisþjónusta býður upp á fram yfir aðra. Þó megi réttlæta slíka takmörkun ef markmiðið er að viðhalda stöðugri heilbrigðisþjónustu sem er öllum aðgengileg, svo fremi sem boðið er upp á meðferðina innan læknisfræðilega réttlætanlegra tímamarka og að meðferð innanlands skili sama árangri og meðferð sem sjúklingur sækist eftir erlendis.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.